



Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Stykkishólmi, 5. júlí 2023
nr. erindis 2306039

Á 15. fundi bæjarstjórnar þann 29. júní 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Uppbygging Brákar íbúðafélags hses. í Stykkishólmi - Stofnframlag

Lögð fram gögn frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) vegna umsóknar Sveitarfélagsins Stykkishólms, f.h. Brákar íbúðafélags hses., um stofnframlag ríkisins á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016. HMS óskar eftir því að bæjarstjórn Stykkishólms staðfesti stofnframlag vegna umsóknar umsækjanda um stofnframlag sveitarfélags.

Þá er lagt fram erindi frá HMS þar sem samþykkt er að veita 18% stofnframlag og sérstakt byggðaframlag vegna byggingar á 12 íbúðum í Stykkishólmi með það að markmiði að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga sem eru undir tekju- og eignamörkum og auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði, sbr. lög nr. 52/2016, um almennar leiguíbúðir, og reglugerðar nr. 183/2020, um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir.

Bæjarráð samþykkti, á 12. fundi sínum, stofnframlag sveitarfélagsins til verkefnissins í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

Afgreiðsla bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu bæjarráðs um 12% stofnframlag sveitarfélagsins í samræmi við fyrirliggjandi gögn..

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,
bæjarstjóri.

